

Betri stjórn astma með hjálp lyfjafræðings

Erfiðir tímar framundan

Það gengur á ýmsu í íslensku samfélagi þessi misserin. Mikið þarf að skera niður hjá hinu opinbera á árinu 2010 og fer heilbrigðiskerfið ekki varhluta af þeim niðurskurði. Lyfjakostnaður hefur aukist mikið milli ára vegna veikingar íslensku krónunnar og þurfa yfirvöld að mæta þeirri aukningu með því að draga úr kostnaði. Greiðsluþátttöku nokkurra lyfjaflokka hefur nú þegar verið breytt þegar þessi orð eru skrifuð og boðaðar hafa verið breytingar á flokki astmalyfja í ársbyrjun 2010. Hvort það gengur eftir og með hvaða hætti á eftir að koma í ljós og því ekki ástæða til þess að fara nánar út í það í þessum pistli en hvernig sem greiðsluþátttöku verður háttað, geta sjúklingar treyst á ráð og aðstoð lyfjafræðinga í apótekum landsins.

Astmi svarar meðferð vel

Í flestum tilfellum má halda astma í skefjum með réttum lyfjum og góðri meðferðarhaldni. Markmið meðferðarinnar er að ná þeim árangri að sjúklingurinn sé einkennalaus á lágmarks lyfjameðferð. Sjúkdómurinn er ekki eins hjá öllum og því er mikilvægt að fá góða greiningu hjá lækni og þekkja sjálfur vel inn á sinn sjúkdóm til þess að geta brugðist skjótt við þegar einkenni gera vart við sig eða til þess að fyrirbyggja astmakast. Lyfjum sem eru notuð við astma er skipt í 2 meginflokka, berkjuvikkandi og bólgueyðandi lyf. Þessi lyf verka mishratt og áhrifin vara mislengi. Sum henta því vel í astmakasti meðan önnur eru notuð fyrirbyggjandi. Lyfin eru einnig á mismunandi lyfjaformi og krefst það þess að sjúklingar læri rétta tækni við notkun þeirra. Það er því ekki nóg að fá rétta greiningu, rétt lyf og vita nákvæmlega hvenær



Aðalheiður Pálmadóttir
Formaður Lyfjafræðingafélags Íslands

á að nota hvaða lyf. Það er einnig mikilvægt að nota lyfin rétt með tilliti til hvers konar innöndurnartækni á að beita svo þau komist á verkunarstað og geri sitt gagn. Það er einnig svo að margir astmasjúklingar nota berkjuvikkandi lyf í meira mæli en ætti að vera. Það er ekki skritið þar sem áhrifin af þeim koma fljótt í ljós þegar slaknar á vöðvum í öndunarvegnum og þannig verður auðveldara að anda. Lyfin sem eru bólgueyðandi, virka fyrirbyggjandi og þarf að nota þau reglulega í nokkra daga eða vikur til þess að áhrifin komi fram. Rétt notkun þeirra gerir hinsvegar þörfina fyrir berkjuvikkandi lyfin minni. Þetta þarf að skoða hjá hverjum og einum og meta hvað hentar best.

Betri árangur með ráðgjöf lyfjafræðings

Í tilfellum þar sem sjúklingar fá ráðgjöf lyfjafræðings við notkun astmalyfja, leiðir það til marktækt betri árangurs af meðferðinni. Í nýlegri rannsókn sem framkvæmd var í

Belgiu var athugað hvort aðstoð og ráðgjöf lyfjafræðings leiddi til betri stjórnunar á sjúkdómseinkennum astmasjúklinga. Niðurstöðurnar sýndu að sjúklingar sem fengu ráðgjöf höfðu marktækt betri stjórn á sínum einkennum en samanburðarhópurur sem ekki fékk ráðgjöf. Niðurstöðurnar birtust í apríl hefti The European Respiratory Journal í fyrra.

Rannsóknin fór þannig fram að lyfjafræðingurinn athugaði hvernig sjúklingarnir notuðu lyfin sín og gáfu ráð þar sem innöndunartækni var ábótavant.

Fræðslu sem þessa er mikilvægt að veita við upphaf lyfjameðferðar þegar fólk er að byrja að nota astmalyf til þess að tryggja rétta notkun frá upphafi. En það er aldrei of seint að bæta tæknina svo betri árangur náist og lífsgæði aukist. Þessa fræðslu geta sjúklingar sótt til apótekanna. Flestir kannast við að það er margt og mikið sem þarf að meðtaka í læknisheimsókn og tæknin við notkun lyfjanna verður oft útundan og ekki alltaf svo að sýnishorn sem hægt er að nota til kennslu séu aðgengileg hjá læknum.

Hlutverk lyfjafræðingsins

Það er hlutverk lyfjafræðingsins að stuðla að því að lyf séu rétt notuð og hvorki of mikið né of lítið af þeim. Lyfjafræðingurinn nýtir þekkingu sína á lyfjum til þess að aðstoða sjúklinga við að ná sem bestum árangri með lyfjameðferðinni. Það er faglegur metnaður lyfjafræðinga að sjúklingur fái sem bestan árangur af þeim lyfjum sem hann notar. Við lyfjafræðingar erum sérfræðingar um lyf, leyfðu okkur að vinna með þér að bæta meðferðina og með því vonandi auka lífsgæði.

www.ao.is